



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vegg við Miklubraut (US180329 / US200051).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 31. október 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir kynningu á vegg sem núna er verið að byggja við Miklubraut við Rauðagerði. Er það Reykjavíkurborg sem sér um byggingu þessa grjótvegs? Hver er kostnaður Reykjavíkurborgar? Hvers vegna var farið í byggingu þessa mannvirkis og hvar var það ákveðið að hann myndi verða jafn hár og hann er orðin núna.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og skrifstofu framkvæmda og viðhalds, þann sama dag.

Umsagnarbeiðnin var ítrekuð á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. febrúar sl.

Þann 31. janúar 2019, var lagt fram svar skrifstofu framkvæmda og viðhalds, við sambærilegri fyrirspurn í Borgarráði. Talið var að þar með hefði fyrirspurninni verið svarað með fullnægjandi hætti. Beðist er velvirðingar á að formlegt svar hafi ekki borist við þessari fyrirspurn fyrir en nú.

Svar við fyrirspurn:

Bygging veggisins var hluti af samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar, um gerð forgangsreinar fyrir strætisvagna, göngu- og hjólastíga og hljóðvarnar við Miklubraut. Kostnaður við forgangsreinar var greiddur af Vegagerðinni, kostnaði við göngu- og hjólastíga var skipt til helminga á milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg greiddi að fullu kostnað við hljóðvarnir. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds, var kostnaður borgarinnar af hönnun, framkvæmd og eftirliti með byggingu veggisins um 90 milljónir króna.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. júlí 2017, var samgönguskrifstofu falin frekari úrvinnsla aðgerða fyrir strætó á Miklubraut og hljóðvarnir við Rauðagerði. Verkið á rætur að rekja til almenningssamgöngustefnu borgarinnar og er í samræmi við hjólreiðaáætlun og aðgerðaáætlun gegn umferðarhávaða.



Í tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir byggð norðan Rauðagerðis, sem samþykkt var í borgarráði 9. júlí 2015, kemur fram að markmið breytinganna sé að lækka umferðarhávaða í og við íbúðarhús í Rauðagerði næst Miklubraut. Útreikningar sýni að hávaða verði náð undir mörk reglugerðar um hávaða, nr. 724/2008, með 3 – 5 metra háum hljóðvörnum, jarðvegsmön og 2,5 metra háum vegg, eftir staðsetningu. Enn fremur er miðað við að hljóðvörn sé minnst 4 metrum frá gólfhæð neðri hæðar húsa á svæðinu.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráð þann 1. apríl 2015, var lagt fram erindi samgöngustjóra um framkvæmdina, uppdráttur af nýju deiliskipulagi og skýrsla um hljóðmanir. Samþykkt var að auglýsa framlagða tillögu og vísa erindinu til borgarráðs. Þann 9. júlí 2015 samþykkti borgarráð breytinguna.

Á fundi borgarráðs þann 9. mars 2017, var lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, þar sem óskað var heimildar borgarráðs til að bjóða út framkvæmdirnar. Borgarráð samþykkti að framkvæmdir væru boðnar út og innkauparáð heimilaði að gengið yrði að tilboði lægstbjóðanda, á fundi sínum þann 7. apríl 2017. Loks var gefið út framkvæmdaleyfi þann 20. júní 2017.

Í meðfylgjandi kynningarglærum frá 2017 eru frekari upplýsingar um framkvæmdina.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

Hjálagt:



1. Kynningarglæsur: Miklubraut við Rauðagerði, kynning fyrir borgarráð.

Kynning fyrir borgarráð 2017



UMHVERFIS- OG SKIPLAGSSVIÐ
MIKLABRAUT VIÐ RAUÐAGERÐI





- Strætóreiðin á Miklabraut frá göngubrú að rampa við Reykjanesbraut
- Hljóðmanir og hljóðveggir
- Göngu- og hjólastígar



Miklabraut – horft til austurs



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
MIKLABRAUT VIÐ RAUÐAGERÐI



Miklabraut (horft til austurs) – eftir breytingar



- Framkvæmdatími er áætlaður frá maí - október



Miklabraut (horft til austurs) – fyrir breytingar



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
MIKLABRAUT VIÐ RAUÐAGERÐI



Miklabraut (horft til austurs) - eftir breytingar

RÆTOREIN

- Áætlaður heildarkostnaður er 213 millj.kr.
- Þar af er hluti Reykjavíkur 100 millj.kr.



Svæði milli Miklubrautar og Rauðagerðis fyrir breytingar



Svæði milli Miklubrautar og Rauðagerðis eftir breytingar




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
MIKLUBRAUT VIÐ RAUÐAGERÐI



Síðari breytingar

Miklabraut við Rauðagerði - Tillaga



- Skýringar
- Núv. stígar
 - Nýir stígar, - stofnstígar 4 m.
 - Nýjar hæðir
 - Hljóðdempun - veggur
 - Veiðlaðinn stallur/ hjalli úr sprengingjött eða grjópkistum (gabíónum).
 - græs

Tillaga að breytti legu stígs 1. júní 2017

